

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1951.

*Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., undirskrifuð af forsetanum 30. júní 1951, nr. 75.*

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 120/1950, um aðstoð til útvegsmanna (lántökuheimild), undirskrifuð af forsetanum 6. júlí 1951, nr. 76.*

*Auglýsing um Norðurlandasamning um gagnkvæma hjálp handa nauðstöddu fólki, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. júní 1951, nr. 77.*

*Auglýsing um aðild Íslands að Alþjóða-hveitisamningnum, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 78.*

*Auglýsing um breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins, undirskrifuð af utanríkisráðherra 25. júní 1951, nr. 79.*

*Auglýsing um breytingar á viðskiptasamningi við Pólland, undirskrifuð af utanríkisráðherra 14. júlí 1951, nr. 80.*

*Auglýsing um loftferðasamning milli Íslands og Noregs, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. júlí 1951, nr. 81.*

## REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 44 5. apríl 1951, um söluskatt.

130

2. júlí

Til viðbótar 3. gr. reglugerðarinnar komi 2 nýir liðir, svohljóðandi:

Tollskrá:

Kafli	Nr.	
44	11	Dagblaðapappír.
75	3	Snjóbifreiðar.

*Fjármálaráðuneytið, 2. júlí 1951.*

Eysteinn Jónsson.

*Kjartan Ragnars.*

## REGLUGERÐ

um veðlán úr lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra.

131

4. júlí

1. gr.

Heimilit er að veita sjóðfélögum lán úr lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra, einkum til þess að leysa húsnæðisþörf þeirra.

2. gr.

Lán þau, sem um ræðir í 1. gr., skulu jafnan tryggð með fyrsta veðrétti í fasteign, og skal hámark hvers einstaks láns miðast við virðingarverð hinnar veðsettu eignar, þannig að lánsupphæðin fari aldrei fram úr 35% af virðingarverðinu.